

Sp. **10. Tillaga til þingsályktunar** [10. mál]
um votheysverkun.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera ráðstafanir til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er.

Skal þetta gert með því að

- 1) kynna bændum reynslu þeirra, sem um árabíl hafa byggt heyðflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun,
- 2) veita hærri stofnlán til byggingar votheyslaðna en þurrheyslaðna og
- 3) veita sérstök stofnlán til að breyta þurrheyslöðum í votheyslöður.

Greinargerð.

Á s.l. sumri var mikil óþurrkatið um mikinn hluta landsins. Talað er um óvenjulegt óþurrkasumar og svo var og um sumarið 1975. Þetta minnir áþreifanlega á, hve bændur eru almennt háðir veðurfari um heyðflun. Þó mætti ætla, að í allri þeirri tækniþróun, sem gengið hefur yfir landbúnaðinn á síðari árum, stæðu bændur betur að vígi í þessu efni en áður var. En það virðist síður en svo. Fjárhagsleg skakkaföll bænda af völdum óþurrka gerast nú stórum alvarlegri en áður var, þar sem nú er svo miklu kostað til áburðar og heyvinnslutækja. Er því ekki að ófyrirsynju að talað er um, hvernig bæta megi bændum tjón, sem þeir verða fyrir í óþurrkasumrum. En mest er um vert að forða frá tjóni með því að gera fóðuröflunina óháðari veðurfarinu.

Nú eiga ekki allir bændur landsins sammerkt í þessu efni. Um langt árabíl hafa sumir bændur verið svo óháðir veðurfarinu sem verða má. Öll eða nær öll heyverkun þeirra hefur verið í vothey. Þeir bændur, sem beitt hafa þessari heyverkunaraðferð alfarið, eru samt allt of fáir. Þeir teljast frekar til undantekningar, þegar lítið er á bændastétt landsins í heild. Þó eru þess dæmi að allir bændur í heilum byggðarlögum verka hey sín í vothey, svo sem t. d. í Strandasýslu og á Ingjaldssandi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Með votheysverkun fá bændur öryggi svo sem frekast er unnt gegn duttlungum tíðarfarsins. Votheyssverkun tryggir fóðuröflunina í óþurrkatið. Með votheysverkun forða bændur frá áföllum og fjárhagstjóni, sem þeir verða fyrir í óþurrkasumrum, sem ekki hagnýta þessa aðferð.

En votheysverkun er ekkert neyðarúrræði til að mæta óþurrkum, þvert á móti. Auk öryggisins, sem þessi heyverkun veitir um fóðuröflunina, fylgja aðrir hinir mikilvægustu kostir. Votheyssverkun tryggir fóðurgildi heyfengsins, hvað sem líður tíðarfarinu. Votheyssverkun krefst miklu minni vélakosts en þurrheysverkun. Og votheysverkun krefst minni vinnu.

Þetta er reynsla þeirra bænda, sem um árabíl hafa verkað allan eða meginhluta heyfengs síns í vothey jafnt í þurrkatið sem óþurrkatið. Reynslan hefur ótvírátt sannað, að votheysverkun er í senn öruggasta, ódýrasta og fyrirhafnarminnsta heyðflunaraðferðin. En til þess að svo megi verða þarf nægar haganlegar votheysgeymslur, réttan tækjabúnað og rétta meðhöndlun. Aðeins þeir, sem líta á votheysverkun sem neyðarúrræði í óþurrkatið, sem gripið er til við ófullkomnar aðstæður þegar í óefni er komið, hafa aðra sögu að segja um gildi þessarar heyverkunaraðferðar.

Það er ekki vansalaust, að bændur landsins skuli ekki almennt hafa enn tekið upp votheysverkun. Þess vegna er hér lagt til, að bændum, sem búa við þurrheysverkun, verði kynnt reynsla þeirra sem byggja fóðuröflunina á votheysgerð. Jafnframt er hér gerð tillaga um, að þeir bændur, sem vilja hverfa frá þurrheysverkun og hagnýta sér yfirburði votheysverkuar, verði aðstoðaðir til þess með lánafyrirgreiðslu.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé falið að gera þær ráðstafanir sem þarf til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er. Hér er ekki einungis um að ræða aðgerðir til að firra bændur áföllum og tjóni, sem eru samfara óþurrkasumrum. Hér er um að tefla mál, sem hefur mikla þjóðhagslega þýðingu. Það varðar ekki litlu fyrir þjóðarbúskapinn, að fóðuröflun landbúnaðarins geti orðið hagkvæmari og ódýrari en nú er.